

## **Reglur um ferðastuðning við námsmenn sem stunda nám utan Sveitarfélagsins Ölfuss**

Reglur þessar gera ráð fyrir stuðningi við námsmenn á framhaldsskóla- og háskólastigi sem stunda nám utan Sveitarfélagsins Ölfuss.

Um er að ræða tvenns konar styrki:

- Til nemenda sem eiga rétt á styrk vegna skólaaksturs samkvæmt reglugerð Lánasjóðs íslenskra námsmanna um jöfnun námskostnaðar nr. 576/2002 (með síðari breytingum regl. nr. 932/2002) frá 18. júlí 2002, kr. 4.700,- pr/mán.
- Til nemenda sem ekki eiga rétt á styrk samkvæmt reglum Lánasjóðs íslenskra námsmanna, en stunda nám á framhaldsskóla- og háskólastigi kr. 8.800,- pr/mán.
- Nemendur sem njóta húsaleigubóta vegna leiguþúsnaðis utan sveitarfélagsins hafa ekki rétt á ferðastyrk samkvæmt reglum þessum.

Námsmenn sækja um ferðastyrk til skrifstofu Sveitarfélagsins Ölfuss á þar til gerðum eyðublöðum.

Styrkurinn er greiddur út í lok annar og skal fylgja staðfesting frá viðkomandi skóla um skólasókn. Styrkupphæðin miðast við vísitölu í desember 2006 sem er 266,2 stig og hækkar milli ára sem nemur hækkunum á vísitölu neysluverðs, sé ekki annað ákveðið.

Reglur þessar gilda ekki um nemendur sem stunda nám í Fjölbautaskóla Suðurlands, eða öðrum skólamánum á Suðurlandi.

Samþykkt í bæjarráði Ölfuss í janúar 2007